

Reglugjörð

74

fyrir hreppana í Árnessýslu vestan Hvítár og Ölfusár um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld, meðferð á óskilafjenadi, grjenjaleitir og refaveiðar.

Amtsráðið í suðuramtinu

Gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, og lögum 24. nóvbr. 1893, um breyting á fyrnefndum lögum, 22. marz 1890, er hjermeð staðfest og löggilt eptirfylgjandi

Reglugjörð

fyrir hreppana í Árnessýslu vestan Hvítár og Ölfusár um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld, meðferð á óskilafjenadi, grenjaleitir og refaveiðar, sem samín er af sýslunefndinni í tjeðri sýslu, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. septem-ber 1895.

I. kafli.

Um grenjaleitir og refaveiðar.

1. gr.

Sjerhverri hreppsnefnd ber að láta leita grenja bæði í heimalöndum og afrjettalandi hreppsins tvisvar á vori; skal hin fyrri leitín fara fram þá er 6 vikur eru af sumri, en hin síðari í 9. viku sumars. Þó má færa grenjaleit fram eða aptur eptir því, hve snemma vorar og snjóa leysir af grenjastöðvum.

2. gr.

Hreppsnefnd ber í tækan tíma ár hvert að hafa ráðið svo marga skotmenn, sem þörf er á. Engin skytta má án gildra ástæðna skorast undan, að takast á hendur að vinna gren innanhrepps.

3. gr.

Til grenjaleita í afrjettum útvegar hreppsnefndin hæfa menn, svo marga sem þörf er á, og skipar þeim í leit. Má enginn skorast undan að hlýða þeirri skipun, nema hann hafi gildar ástæður. Skyldur er hver búandi að ljá menn til grenjaleitar í heimalandi sínu endurgjaldslaust af hreppsþjóði, en hreppsnefndin skipar fyrir um grenjaleitir þessar. Skotmaður skal ætíð vera með leitar- mönnum, og skal þegar leggjast við annan mann við grenið, er það er fundið.

4. gr.

Nú finnst gren utan leitar. Skal þá sá, er finnur, skyldur að fara þegar til þess búanda í hreppnum, er næstur býr, og skal sá búandi þegar í stað senda mann til að gæta grensins vandlega, unz skotmaður kemur. Hafi sá búandi, er næstur býr greni, eigi mann til grengæzlu, ber honum að útvega mann hið allra fyrsta hjá nábúum sínum, og má enginn sá, er mann getur ljéð, skorast undan mannláni til þessa. Ennig skulu boð gjörð tafarlaust bæ frá bæ um grenfundinn til þess hreppsnefndarmanns, er næst býr og má enginn bóndi synja um slíkan boðburð. Ber hreppsnefndinni að sjá um, að skotmaður og vöku- maður komi til grensins hið allra fyrsta, sem því verður við komið. Sá, er finnur

26. dag ágústmán. 1895.

- 74 tóulaust gren, hvort heldur í grenjaleit eða smölun, skal skyldur til að hlaða vörðu þar nálægt, eða setja þar annað glöggt merki.

5. gr.

Gæzlumenn grenja, skotmenn og vökumenn, svo og þeir, er grenja leita í afrjettum, skulu fá dagkaup úr hreppssjóði, frá því þeir fara að heiman á grenið eða í leitina og þangað til þeir koma heim aptur, en fæða skulu þeir sig sjálfir. Hreppsnefndin semur við þá um kaupið, en eigi má það fara fram úr 2 kr. og 50 aur. um sólarhringinn. Þurfi þeir hesta, skulu þeir fá 70 au. um sólarhringinn fyrir hestinn. Auk þessa fær skotmaður sem verðlaun 2 kr. fyrir fyrra dýrið, sem við gren hvert vinnst, en 10 kr. fyrir hið síðara, og 1 kr. fyrir hvern yrðling. Verðlaun þessi fær skotmaður því að eins, að hann sýni oddvita hreppsnefndar á haustfundi skinnin af hinum unnu dýrum og yrðlingum, og skulu þau glögglega merkt.

6. gr.

Eigi má skotmaður fara frá greni fyr en eptir 5 dægur samfleitt (3 nætur og 2 daga), nema alunnið sje. Hafi skotmaður ekki náð yrðlingum öllum á 3 fyrstu dægum, skal hann eitra kjöt eða fugla og leggja fyrir þá í grenið, og að öðru leyti kosta alls kapps um að drepa þá í greninu. Skotmaður skal, á meðan hann er að grenjastörfum, halda dagbók og rita hjá sjer, hverja daga hann er í grenjaleit, hve lengi hann liggur við hvert gren og hvað honum ávinnst á hverjum degi. Skal hann afhenda hreppsnefndinni, ásamt reikningi sínum, slíka dagbók, og skulu vökumenn rita undir hana með honum til vitnisburðar um, að hún sje rjett og nákvæm. Vökumaður, sem á greni liggur, skal sýna skotmanni fullkomna hlýðni. Verði skotmaður eða vökumaður uppvisir að því, að vanrækja að einhverju leyti grenvinnslu, þá skulu þeir missa kaup fyrir að hafa legið á því greni.

7. gr.

Sjerhver hreppsnefnd (í þeim hreppum, þar sem refa er von) skal rækilega annast um, að eitrað sje fyrir refi um haust og á vetrum, bæði í heimalöndum og afrjettum, þar sem refa er von, og að nægilegar byrgðir sjeu til af eitrudu æti til að leggja fyrir dýrin í harðindum, er allt sauðfje er á gjöf í húsum. Skal þessi starfi falinn hinum hæfustu mönnum.

8. gr.

Í þeim hreppum, sem til fjalla liggja, skulu hreppsnefndir annast um: 1., að skothús sjeu byggð, og hvetja skotmenn til, að skjóta refi frá þeim við agn; 2., að stunduð sje refaveiði með dýrabogum og skal hver slíkur hreppur nota í þessu skyni einn dýraboga að minnsta kosti, og fá hæfan mann til að stunda hann, með sem vægustum kjörum fyrir hreppinn.

9. gr.

Hver sá, sem vinnur tóur, sem ekki eru við gren, skal á hvaða tíma árs sem er, fá 3 kr. í þóknun fyrir dýr hvert. Hver, sem slíka þóknun vill fá, skal færa óyggjandi sönnun á, að hann hafi til hennar unnið.

10. gr.

74

Hver sá, sem elur yrdlinga eða refi heima hjá sjer, og sleppir þeim úr gæzlu, skal sæta sektum, nema hann fái sannað, að refurinn hafi náðst aptur og verið drepinn.

11. gr.

Kostnaði til refaveiða, sem greiða skal úr sjóði hlutadeigandi hrepps, skal jafnað niður með aukaútsvarinu. Nú vinnur einhver hreppur svo mikið að því, að eyða refum, að kostnaðurinn við það mundi auðsjáanlega mjög þyngja hreppsþúum; má þá greiða allt að helmingi úr sýslusjóði, ef sýslunefndin og amtsráðið samþykkir það.

12. gr.

Um nýár hvert skulu hreppsnefndir gefa sýslunefndinni skýrslu fyrir liðið ár um grenjavinnslu, eitrun fyrir refi og tölu þeirra refa, sem unnist hafa á annan hátt. En skýrsla um refaveiðakostnað hrepps hvers skal send sem fylgiskjal með jafnaðarreikningnum.

II. kaffi.

Um upprekstur.

13. gr.

Að svo miklu leyti sem heimalönd, að álitihreppsnefndar, eru eigi nægileg til sumarbeitar, ber öllum, sem afrjett eiga, að nota hann til uppreksturs fyrir fjallfje sitt, sem er geldfje og lömb, hross og geldneyti. Hreppsnefndin sjer um, að þetta sje eigi vanrækt, og yfir höfuð gætir þess, að heimahögum sje eigi þyngt um skör fram á sumrum.

14. gr.

Hver, sem verður uppvís að því, að reka eða skilja eptir í annars afrjetti eða heimalöndum sauðfje eða hross, án leyfis þeirra (eða þess), sem landeiga, skal tafarlaust kærður fyrir hlutadeigandi sýslumanni.

15. gr.

Lömb skulu setin að minnsta kosti 2 sólarhringa, áður en þeim er sleppt í afrjett. Að öðru leyti hefur hreppsnefndin vald til að segja fyrir, hvernig haga skal rekstrum í afrjett, og um að reka það fje aptur til afrjettar, er fram rennur að sumrinu. Enginn má heldur án leyfis hreppsnefndar ljá upprekstur í ítölu sína í sameiginlegum afrjetti.

16. gr.

Hreppsnefndin hefir rjett til að afstýra yfiringi á afrjetti af utansýslugripum, sauðfje, nautpeningi og hrossum, sem ekkert leyfi eða heimild er fyrir, og hefir hún í því skyni vald til að fyrirskipa smölun á stærra eða minna svæði á afrjetti og heimalöndum, þegar henni þykir þurfa.

III. kaffi.

Um fjallskil.

17. gr.

Allir búendur og húsmenn, sem hafa til umráða 14 sauðkindur, að veturgömlum meðtöldum, skulu skyldir að leggja mann eða menn til fjallssafns og eptirleitar, eptir því, sem hreppsnefndin fyrir skipar. Heimilt er hreppsnefnd, ef hún þykist geta gjört það fjallskilum að skaðlausu, að lofa 2 búendum að leggja saman, ef þeir hafa ekki hvor um sig til eignar eða umráða meira en 24 kindur, eldri en veturgamlar.

18. gr.

Hreppsnefndin boði með fjallseðli, 3 vikum fyrir fyrstu fjallsöfn, hvernig leitum skuli hagað og hverjir fara skuli í utansveitarrjettir. Að afloknu fyrsta fjallsafni skal rjettað í Þingvallahrepp mánudaginn í 22. viku sumars, í Selvogshreppi þriðjudaginn og úrgangurinn úr þeirri rjett afhendist vesturleit Ölfusínga undir Meitilinn, í Grímsneshreppi miðvikudaginn, í Biskupstungnahreppi miðvikudaginn í sömu viku og í Ölfus- og Grafningshreppum fimmtudaginn næsta á eptir. Heimilt er Grafningismönnum að draga fje sitt úr mánudaginn áður að Nesjavöllum.

19. gr.

Hreppsnefndinni ber að ráða umsjónarmann — fjallkong — einn eða fleiri við afrjettarsmölun. Hefur hann eða þeir öll ráð og fyrirsögn á hendi á afrjettinum, skipar í leitir og ræður sjerhverju öðru, er safnmenskunni viðvikur, allt þangað til safnið er komið til almenningsrjetta og er safmönnum skylt að hlýða honum meðan á þessu stendur. Einnig skal hann sjá um, að leitin gangi eigi inn á annara afrjetti.

20. gr.

Sjerhver fjallsafnsmaður skal vera með fullri greind og heilsu, fullfær að gegna starfa sínum að áliti fjallkongs og tveggja manna, sem hann kveður með sjer, og forsvaranlega útbúinn að hestum, mat, fötum, skóleðri og tjaldrúmi. Nefndin skal haga svo til, að hinir markglöggustu, sem völ er á, sjeu sendir í utansveitarrjettir.

21. gr.

Ef fjallkongur með 2 tilkvöddum leitarmönnum, sem bezt eru tilfallnir, gjörir einhvern fjallmann apturreka fyrir einhvern brest á því, sem áður er talið, eða fyrir óhlýðni, er að álíta, sem hlutaðeigandi búandi hafi engin fjallskil gjört, en skjóta má hann úrskurði fjallkongs til hlutaðeigandi hreppsnefndar til endilegra úrslita.

22. gr.

Þar skal hver vera í göngum, sem honum er skipað, og þeir, sem fjárrikastir eru, sæti hinum örðugustu, nema hamragöngur sjeu; þær skulu þeir hafa, er bezt eru til færir. Allar leitir fari samhliða fram, svo að eigi leynist eða renni fje á milli.

23. gr.

Haga skal svo fjallgöngum, þar sem því verður við komið, að eigi verði misgöngur hreppa á milli. Skulu hreppsnefndir þær, sem hlut eiga að

máli, koma sjer saman um, hvornig því verði komið við. Einnig skulu fjallkongar sjá um, að tje tje ekki látið að óþörfu of fljótt inn í gerði eða rjettir.

IV. kaffi.

Um almenningsrjettir.

24. gr.

Hreppsnefndin sjer um, að almenningsrjettum hreppsins með tilheyrandi dilkum tje forsvaranlega við haldið, og heyrir þar til eigi að eins, að allir veggir þeirra tjeu stæðilegir um rjettatímamann og nægilega háir, heldur einnig, að almenningsrjettinni tje svo hagað, að eigi standi í henni vatn til óhægðar við fjenaðarhirðingu. Við tjerhverjar almenningsrjettir skal utansveitarmönnum heimilt að fá að byggja tjer dilk fyrir tje sitt. Nægilegt rúm þarf að vera í hverjum dilk, til þess að enginn þurfi að hleypa út úr þeim fyrir en að afstöðnum rjettum, eða þegar hreppsnefndin eða sá, sem í umboði hennar stjórnar rjettarhaldi, leyfir. Bygging á almenningsrjettum og safngerðum, þar sem þau eru til, hvílir jafnt á öllum búendum hreppsins, og skal hún, ef hreppsnefndin skipar ekki öðru vísi fyrir, vera fullgjör næsta kvöld fyrir rjettardag á haustum, og skulu þeir, sem þá hafa eigi af lokið skyldu sinni, sæta sektum, og hreppsnefndin láta tafarlaust vinna verkið á þeirra kostnað. Allar aðrar sauðfjarrjettir, sem eigi eru fyrirskipaðar í þessari reglugjörð, skulu hjer með afteknar.

25. gr.

Vilji hreppsnefnd breyta til um rjettastaði, þarf hún til þess samþykki meiri hluta hreppsúa og þeirra, sem land eiga.

26. gr.

Hreppsnefndin skipar fyrir um innrekstur við rjettahöld og kveður upp hvenær rjettum tje lokið og gætir þess vandlega, að allt fari þar fram í sem beztri röð og reglu.

V. kaffi.

Um eptirleitir og skilarjettir.

27. gr.

Eptirleitir og byggðasöfn skulu fram fara svo tímanlega, að skilarjett verði haldin fyrir Selvogshrepp, Ölfushrepp og Grafningshrepp í Hveragerðisrjett, 1. föstudaginn í 24. viku sumars, 2. föstudaginn í 26. viku sumars; fyrir Þingvallahrepp: 1. þriðjudaginn í 23. viku sumars, 2. þriðjudaginn í 25. viku sumars; fyrir Grímsneshrepp 1. fimmtudaginn í 24. viku sumars, 2. fimmtudaginn í 26. viku sumars; fyrir Biskupstungnahrepp: 1. þriðjudaginn í 23. viku sumars, 2. þriðjudaginn í 25. viku sumars og 3. föstudaginn í 27. viku sumars.

28. gr.

Hreppsnefndin skipar fyrir, hvornig eptirleitum skal haga (sbr. 17. gr.), og skal til fyrstu skilarjettar smala, auk sauðfjárins, nautum og hrossum og reka til rjetta, bæði úr afrjetti og heimalöndum.

29. gr.

Fari einhverir í eptirleit á afrjetti í Selvogs-, Ölfus-, Grafnings-, Grímsnes- og Þingvallahreppum, að afloknum þeim eptirleitum, sem hreppsnefndin

74 lætur gera samkvæmt þessari reglugjörð, fær finnandi í fyrstu eptirleit $\frac{1}{3}$ af af lambsverði, en að eins $\frac{1}{4}$ af verði eldri kinda, eptir mati hreppsnefndariunar. Í síðari eptirleitum tvöfaldast tollurinn. Eptirleitartollur í Biskupstungnahreppi er hinn sami, sem í Hreppunum milli Þjórsár og Hvítar. Eptir seinustu skilarjett má enginn láta óskilakind vera í fje sínu viku lengur, að hann eigi aðvari hreppsnefndina um það.

30. gr.

Bygðasöfnin skulu fara fram deginum á undan skilarjett. Hver og einn skal þá skyldur að smala heimaland sitt og að hlýðnast þeim fyrirskipunum hreppsnefndarinnar, sem miða til tryggingar, að vel sje smalað, og skal síðan allt óskilafje byrgt inni um næstu nótt og rekið til almenningsrjetta daginn eptir í tækan tíma.

31. gr.

Verði einhver ber að því, að smala heimhland sitt óforsvaranlega í bygðarsöfnum, hefur hreppsnefndin vald til að setja umsjónarmenn við smölun hans eða láta aðra framkvæma hana, hvorttveggja á kostnað hins seka.

VI. kaffi.

Um meðferð á óskilafjenaði.

32. gr.

Kalineyrt og eyrnalaust fje og ómerkinga skal sjerhver reka til almenningsrjetta, bæði í fjallsöfnum og byggðasöfnum, og skal hreppsnefndin sjá um, að allt slíkt sje dregið í dilk sjer. Haldi einhver slíku fje frá rjettum, eða dragi sjer það án leyfis hreppsnefndar með launung eða ofríki, hefur hann fyrirgjört hinni sömu kind, þótt móðir helgi sjer á eptir. Síðan skal leiða ær að dilkum, sem og leyfa mönnum með öðru móti að sanna eignarrjett sinn með óbrigðulum einkennum, en eigi af fjárbragði einu saman. Omerkingum þeim, sem enginn getur helgað sjer í fyrstu rjett, skal sleppa með öðrum úrgangi, en afhendast rjettarbónda í fyrri skilarjett. Kalineyrt og eyrnalaust fje skal þegar í hverri rjett selt við opinbert uppboð, hlutadeigandi sveitarsjóð til inntektar. Um eldri ómerkinga, sem koma fram í fjallsöfnum eða byggðasöfnum, gildir hið sama og um ómörkuð lömb.

33. gr.

Allir ómerkingar, yngri og eldri, sem finnast að afloknum rjettum, skulu afhendast hreppsnefndinni, og geti enginn helgað sjer þá, skulu þeir seldir hlutadeigandi sveitarsjóði til inntektar.

34. gr.

Óskilafje úr fyrri skilarjett skal sleppt í byggð, og eigi rekið til afrjettar, í öllum sveitum, nema Þingvallasveit, en þar skal fjeð selt samdægurs við uppboð. Þar á móti skal taka í vöktun öll óskilahross, og gefa þá þegar út lýsingu á þeim til þeirra hreppa, er líkindi kynnu að vera til að þau væru frá, og vakta þau til síðari skilarjettar, en selja þá það af þeim, sem enginn getur helgað sjer, sem annan óskilafjenað. Vöktunarkaup fyrir hvert bross er 20 a. um sólarhringinn, en hálfu minna fyrir folald, sem fylgir móður. — Óskilafje úr

siðari skilarjett skal selja þegar í stað við opinbert uppboð. Sölu á óskilafje og óskilahrossum skal auglýsa fyrir fram með löglegum fyrirvara. **74**

35. gr.

Til næstu veturnótta á eptir á eigandi aðgang að söluverði hveurrar kindar, en borgi allan löglegan áfallinn kostnað. Hafi þá enginn eigandi gefið sig fram, tilfellur andvirðið þeim hreppi, þar sem óskilafjeð er selt, þó þannig, að Ölfushreppur fái helming móti Selvogs- og Grafningshreppum. Hvað hross áhrærir, hefur eigandi rjett til fardaga næstu eptir að helga sjer þau, og fá annaðhvort verð þeirra eða þau sjálf afhent, móti því að borga allan áfallinn kostnað.

36. gr.

Til þess að geta sannað eignarrjett sinn að sauðfje, hlýtur eigandi að hafa lögheimilt og augljóst mark. Gefi 2 eða fleiri sig fram sem eigendur að sama marki, er hreppsnefndin eigi skyld til að svara kindinni úr vöktun eða verði hennar eptir sölu, fyrr en einhver þeirra hefur löglega sannað eignarrjett sinn. Þó hefur sá forrjett, sem meiri líkindi eru til samgöngu á fje, á þeim stað, sem kindin kemur frá.

37. gr.

Yfir höfuð skal farið eptir skrásettum eyrnamörkum og auglýstum brennimörkum, en því að eins eptir óskrásettum eyrnamörkum, hornmörkum og óauglýstum brennimörkum, að eigandi gefi skýringar um þau.

38. gr.

Innan desembermánaðarloka ár hvert skal oddviti hreppsnefndar semja skýrslu yfir mörk, lit og önnur einkenni á öllum óskilafjenaði, sem seldur hefur verið þar í hreppi á því hausti, og senda hana með fyrstu ferð til auglýsingar til ritstjóra þess blaðs í Reykjavík, er mesta útbreiðslu hefur.

VII. kafli.

Um rekstra á söluþje.

39. gr.

Um rekstrarmenn.

Hverjum rekstri skulu fylgja nægilega margir menn, vandaðir, duglegir og vel útbúnir. En það álitzt nægileg tala, ef 2 menn reka allt að 100 fjár, 4 menn allt að 400 fjár, og svo fleiri menn eptir líkri tiltölu, ef fleira tje er rekið í einum rekstri; en ekki mega þeir jafnframt hafa annað á hendi, ef ekki er betur mannað. Ekki mega að jafnaði vera færri en 2 rekstrarmenn, hvað fátt sem rekið er; þó má 1 maður reka, ef ekki eru reknar fleiri en 15 kindur, þó að eins með samþykki hreppstjóra þess hrepps, sem rekstur er úr, og þarf sá, er rekur, að geta sýnt leyfi frá honum, ef krafizt verður.

40. gr. Um rekstrarforingja.

Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri, skal ávallt einn vera yfirmaður, er annist um að þessum rekstrarreglum sje hlýtt, og ber hann ábyrgð

74 á því gagnvart þeim, er kynnu að kæra, en hann á aptur aðgang að samrekstrarmönnum sínum, ef þeim er um að kenna. Þó hvílir ábyrgðin aðeins á hverjum einstökum rekstrarmanni, er brýtur, ef brotið er svo vaxið, að það heyri undir almenn hegningarlög.

41. gr. Um rekstrarmark.

Allt fje í sölurekstrum skal vera merkt með ákveðnu rekstrarmarki, er sje svo glögg, að það sjáist tilskyndar í björtu, og svo traust, að það ekki máist af, þó að votviðri gangi.

42. Um áningu og áfanga.

Reka skal hægt og gætilega, æja nógu opt og hafa áfanga eigi oflanga. Eigi má æja í slægjulöndum, meðan heyannir standa yfir, en úr því má æja hvar sem vill, hvort heldur er í byggð eða óbyggð.

43. gr. Um vörn við því, að tjón verði af rekstrum.

Svo skal rekstrum haga, að sem minnstur bagi verði að þeim, er þau lönd eiga, sem um er rekið. Varast skal að rekstrum lendi saman við annað fje, ef hjá því verður komist. Eigi má halda áfram með rekstra úr því að farið er að skygja til muna, nema brýna nauðsyn beri til, að ná í áfanga, og aldrei úr því að dimmt er orðið er orðið; svo má og aldrei leggja upp með rekstra fyr en markljóst er orðið.

44. gr. Um rannsókn á rekstrum.

Nú ber svo til, að öðru fje lendir saman við rekstur. Skal þá stöðva reksturinn, ef á ferð er, en ella halda kyrru fyrir, og eigi legja aptur á stað með hann, ef í byggð er, fyr en búíð er að rannsaka hann af 2 tilkvöddum skilríkum mönnum. Getur enginn skorast undan slíkri rannsókn, er til þess er fær, og ber að gjöra það ókeypis, ef það ekki tekur upp yfir 2 klukkustundir ella ber rekstrarmönnum að greiða þóknun fyrir, eptir úrskurði sýslumanns ef á greinir; en aðgang eiga rekstrarmenn með þá borgun að eigendum fjárins, ef þeim hefir ekki sjálfum verið um að kenna.

45. gr. Um talning á rekstrum.

Telja skal fjeð í rekstrunum hvenær sem viðstada verður svo, að fje dreifi sjer nokkrud til muna, bæði þegar staðar er numið og haldið af stað aptur. Vanti þá fje í reksturinn, skal gjöra advart um það á næsta bæ, sem að er komið, og biðja fyrir það, sem vanta kann. En ef fleira fje er komið í reksturinn, en honum á að fylgja, skal á næsta bæ, sem að er komið, rjetta rekstrinum, skilja það frá, sem að hefur komið, og sjá um, að það komist í átt-haga sína, eigendum að skadlausu.

46. gr. Um óleyfilega fjártöku í rekstra.

Verði einhver sannur að því, að hafa tekið fje annara í rekstur heimildarlaust, skal hann bæta það eigendum að fullu eptir samkomulagi eða eptir mati óvilhallra manna, er sýslumaður til nefnir, ef með þarf. Sannist það að slíkt hafi verið gjört af skeytingarleysi, varðar það að auk sektum, 1—5 kr. fyrir hverja kind, sem þannig er tekin, er gangi í sveitarsjóð þess hrepps, er land

á, þar sem brotið er framið, nema því að eins, að brotið heyri undir almenn hegningarlög. 74

47. gr.

Brot móti reglugjörð þessari kærir hreppsnefndin, þar sem brotið er framið, tafarlaust fyrir sýslumanni, sem fer með það eins og lög ákveða.

Amtsráð Suðuramtsins, Reykjavík, 3. dag júlím. 1895.

J. Havsteen.

Fjárskilareglugjörð

75

fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) í Árnessýslu.

Amtsráðið í Suðuramtinu

Gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, og lögum, 24. nóvbr, 1893, um breyting á 3. gr. í fyrnefndum lögum 22. marz 1890, er hjer með staðfest og löggilt eptirfylgjandi

Fjárskilareglugjörð

fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) í Árnessýslu, sem samín er af sýslunefndinni þar, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. septbr. 1895.

I. kafli.

Um afrjetti og heimildir fyrir notkun þeirra.

1. gr. Um afrjetti.

Þeir eiga afrjett, sem að fornu hafa átt. Afrjettur Hrunamannahrepps er milli Hvítár og Stóruflaxár, afrjettur Flóa og Skeiðamanna milli Stóruflaxár og Fossár, afrjettur Gnúpverja milli Fossár og Þjórsár. Að öðru leyti fara mörk afrjettanna eptir landamerkjaskrá og fornri venju. Austasti hluti af afrjetti Flóa- og Skeiðahreppa er sjerstaklega nefdur Skeiðamannaafriettur.

2. gr. Um upprekstrarskyldu.

Þeir, sem nægilegt afrjettarland eiga fyrir þann búpening sinn, er þeir ekki þurfa að hafa heima á sumrum eða geta fengið leigðan afrjett fyrir hann, skulu reka til afrjettar geldfje sitt og lömb, svo og hrossastóð og geldneyti, þó með takmörkun þeirri, sem segir í 3. gr.

3. gr. Um upprekstrarbann.

Eigi má reka á afrjett Flóa- og Skeiðamanna hross nje geldneyti, eigi heldur dilkær nje veturgamlar gimbrar. Á afrjetti Hrunamannahrepps og Gnúpverjahrepps má eigi reka dilkær eldri en tvævetrar, nema áður hafi verið reknar til afrjettar og tollað þar. Þeir, sem afrjettarnot kaupa á afrjettum þessum semji við þá, er afrjett selja, um hvað þeir megi reka.

4. gr. Um ítölu.

Enginn má ljá öðrum ítölu sína í afrjetti, nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar, enda sje afrjettarland viðurkennt nægilegt. Enginn má heldur

26. dag ágústmán. 1895.